Sjálfseignarstofnunin

HANDVERK OG HÖNNUN

Ársskýrsla

2012

Leiðarljós allrar starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru þau markmið sem sett voru á stofnfundi í janúar 2007. Þau eru eftirfarandi:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

...Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR fyrri hluta árs 2012 voru: Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður, Birta Flókadóttir, varaformaður, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir og Halla Bogadóttir, meðstjórnendur.
Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir. Um mitt ár fóru tveir aðilar úr stjórninni þær Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður og Ólöf Nordal. Í þeirra stað komu Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Vilmundur Jósefsson. Nýr formaður er Birta Flókadóttir og varaformaður Halla Bogadóttir.
Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þær eru báðar í 100 % starfi. Um færslu á bókhaldi sér Sveinbjörn Bjarnason bókari og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun. HANDVERK OG HÖNNUN er með skrifstofur í Aðalstræti 10.

Skrifstofur HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Aðalstræti 10

...Fjármagn

Ánægjuleg þáttaskil urðu í rekstri sjálfeignarstofnunarinnar í lok árs 2011 þegar skrifað var undir samning til þriggja ára við mennta– og menningarmálaráðuneytið, en með honum var fjárframlag til starfseminnar tryggt næstu þrjú árin. Þetta var mjög mikilvægur áfangi, þar sem HANDVERK OG HÖNNUN hefur frá 2007 þurft að búa við mikið óöryggi. Framlag ríkisins árið 2012 var 12 M sem dugaði ekki fyrir föstum kostnaði miðað við óbreytta starfsemi. Reksturinn var því í miklum vanda. Gert var ráð fyrir að öll verkefni sem stofnað er til standi undir sér (þ.e. að þátttökugjöld dugi fyrir útlögðum kostnaði). Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR ákvað að reyna að afla viðbótarstyrkja frekar en að draga úr starfseminni í þeirri von að hærri upphæð fengist frá ríkinu á næsta ári. Áætlað var að leita til nokkurra samtaka og fyrirtækja og þar til viðbótar var gert ráð fyrir að stofnfélagar HANDVERKS OG HÖNNUNAR sem eru 203 einstaklingar leggðu fjármuni til rekstursins. Stjórnin hefur sett sér það markmið að safna 5 M kr. Það er álit stjórnar að starfsemin geti þá verið óbreytt. Ákveðið var að ef þetta markmið næðist ekki þá yrði verkefnalistinn endurskoðaður. Skemmst er frá að segja að þetta markmið náðist ekki þrátt fyrir mjög mikla vinnu. Stjórn og starfsmenn ræddu fjárhagsstöðuna um mitt ár og ákveðið var að fresta útgáfu bókar um handverk og hönnun á Íslandi sem til stóð að kæmi út í ár. Nokkur önnur verkefni voru einnig slegin af. Vegna slæmrar fjárhagsstöðu hjá HH buðust starfsmenn til að taka launalaust leyfi í einn mánuð í sumar til viðbótar við sumarfrí. Stjórn ákvað að þiggja það tilboð og því var skrifstofa HH lokuð frá 15. júní til 15. ágúst 2012. Stjórn hefur ekki þegið laun frá 2009 og frá sama tíma var ferðasjóður lagður niður. Ferðasjóður úthlutaði um 94 styrkjum til einstaklinga á árunum 2000- 2009.

Framlag stjórnvalda til starfseminnar hefur lækkað um 35% frá 2008. Samkvæmt ársreikningi 2011 var nánast allt eigið fá stofnunarinnar uppurið, en það hefur verið notað til að mæta taprekstri á síðustu þremur árum. Hér fyrir neðan má sjá þróun á framlagi til HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin ár.

2007	**15.0 M**	2 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2007	**17.0 M**
2008	**17.5 M**	1 M Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2008	**18.5 M**
2009	**17.5 M**	0	2009	**17.5 M**
2010	**14.5 M**	0	2010	**14.5 M**
2011	**10.0 M**	0	2011	**10.0 M**
2012	**12.0 M**	0	2012	**12.0 M**

Það hefur verið markmið stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR frá upphafi að hafa þátttökugjöld í hinum ýmsu verkefnum hófleg en vegna þröngrar fjárhagsstöðu síðustu ár hafa þau hækkað töluvert. Vegna þessarar þröngu stöðu þá voru öll þátttökugjöld hækkuð um 20% á árinu 2011 og aftur um 20% árið 2012. Þessi staða er mjög bagaleg og hefur örugglega þau áhrif að þeir sem eru að byrja feril sinn á þessu sviði sjá sér ekki fært að taka þátt í mörgum verkefnum.

...Stjórnarfundir

Haldnir voru þrír formlegir stjórnarfundir á árinu 2012, þann 24. janúar, 6. júní og 17. september Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í reglulegu sambandi við skrifstofuna utan þessara formlegu funda.

...Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Ráðgjafafundirnir hafa verið mikilvægur vettvangur sem tengir starfsfólk og stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR við grasrótina. Vegna fjárhagslegra aðstæðna var ekki haldinn ráðgjafafundur 2012. Það kostar talsvert að halda fundi af þessu tagi og vegna þröngrar fjárhagsstöðu er ekkert svigrún til nýrra verkefna. Einnig var gerð viðhorfakönnun hjá þátttakendum í sýningunni í ráðhúsi Reykjavíkur. Haldnar voru tvær sýningar 2012. Kannanir af þessu tagi eru ef til vill betri leið til að vera í virku sambandi við grasrótina. Niðurstöður allra kannananna sem gerðar hafa verið af eða fyrir HANDVERK OG HÖNNUN eru birtar á heimasíðunni.
www.handverkoghonnun.is/islenska/um-handverk-og-honnun/skyrslur/

...Helstu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2012:

- Fréttabréf – 4 til 6 fréttabréf á mánuði til rúmlega 1100 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar.
- Þjónusta við gerð kynningaefnis.
- Sýningar á skörinni, 8 sýningar.
- Framúrskarandi, sýning í Kringlunni á Hönnunarmars 22.03 – 12.04 2012.
- Bók HANDVERK OG HÖNNUN 2012
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 3. - 7. maí 2012.
- Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 1. - 5. nóvember 2012.
- Jólasýning 2012.
- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR viðhald og endurbætur.
- Ýmis samvinnuverkefni t.d. Menningarráð Suðurnesja - Menning á Suðurnesjum
- Bornholm 2012 - glerlistasýning. HANDVERK OG HÖNNUN sér um þátttöku Íslendinga í þessu verkefni.

...Fréttabréf

Fréttir eru oftast sendar í tölvupósti 4-6 sinnum í mánuði til rúmlega eitt þúsund manns. Upplýsingar um sérstök verkefni eru send sérstaklega á starfandi handverks-og listiðnaðarfólk.

...Ráðgjöf og fyrirlestrar

Eftirspurn um alls kyns ráðgjöf er töluverð hjá HANDVERKI OG HÖNNUN. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking.

...Þjónusta við gerð kynningarefnis

HANDVERK OG HÖNNUN hefur undanfarin ár aðstoðað fólk við gerð kynningarefnis. Töluverð aukning var á þessari þjónustu árið 2012. Árið 2012 voru sett upp og prentuð samtals 67.000 kynningarkort.

...Sýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2012

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar undanfarin ár. Sýningarnar frá upphafi eru tæplega sjötíu og sýnendur/þátttakendur eru tæplega sex hundruð, víðs vegar af landinu.

...Sýningar á skörinni 2012

Á skörinni er lítill sýningarsalur í Aðalstræti 10. Skipulagðar voru 8 sýningar á skörinni.

HANDLEIKIÐ,
22. mars – 18. apríl, **Hönnunarmars 2012**, samsýning Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur og Pekka Tapio Pyykonen

HÖNNUN FYRIR BÖRN,
20. apríl - 25. maí, **List án landamæra**, Gylfaflöt, Sólheimar, Ásgarður og Iðjuberg

FLÓRA - ICELANDIC DESIGN,
7. júní - 9. júlí, Ingunn Þráinsdóttir

MOVED BY ICELAND,
12. júlí - 14. ágúst, Unnur G. Óttarsdóttir

LAVALAND II
16. ágúst - 17. september, Unnur S. Gröndal

BLÁR,
27. september - 16. október, Sigurborg Jóhannsdóttir

LISTHANDVERK Á AUSTURLANDI,
3. nóvember - 10. desember, Þorpið – skapandi samfélag á Austurlandi.

MEIRA OG MINNA SKARTGRIPIR,
13. desember - 6. janúar 2013, Helga Ósk Einarsdóttir

HANDLEIKIÐ

HÖNNUN FYRIR BÖRN

FLÓRA - ICELANDIC DESIGN

MEIRA OG MINNA SKARTGRIPIR

...Framúrskarandi í Kringlunni á Hönnunarmars

Sýning í Kringlunni á Hönnunarmars 22.03 –12.04 2012.
Sýning á munum níu aðila sem hlotið hafa Skúlaverðlaunin og viðurkenningar tengdar þeim á sýningunni *Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur* undanfarin fjögur ár. HANDVERK OG HÖNNUN stendur fyrir samkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í þessari árlegri sýningu og velur fagleg valnefnd úr innsendum tillögum.
Skúlaverðlaunin hafa verið veitt síðan 2008 og eru styrkt af Samtökum Iðnaðarins.

Sýnendur voru:

Páll Garðarsson - Skúlaverðlaun - 2008
Fríða Jónsdóttir - Skúlaverðlaun - 2009
Kristín Sigfríður Garðarsdóttir - Skúlaverðlaun 2010
Stáss design - Skúlaverðlaun - 2011
Dýrfinna Torfadóttir - viðurkenning 2008
Margrét Guðnadóttir - viðurkenning 2008, 2009 og 2010
Inga Elín - viðurkenning 2009
Guðbjörg Káradóttir - viðurkenning 2011
Sigrún Ólöf Einarsdóttir - viðurkenning 2011

...Bók um handverk og hönnun á Íslandi

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út bækur um handverk, hönnun og listiðnað á Íslandi þrisvar sinnum þ.e. 2006, 2008, og 2010. Markmiðið með útgáfunni er milliliðalaus kynning á einstaklingum sem starfa á þessu sviði á Íslandi. Allar bækurnar eru vistaðar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Áætlað var að gefa út bók að nýju 2012, en því verkefni var frestað vegna slæmrar fjárhagsstöðu.

...Kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur 2012

Kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR í Ráðhúsi Reykjavíkur sem haldnar hafa verið síðan 2006 hafa heppnast mjög vel. Áhugi á kynningunni hefur frá upphafi verið mjög mikil. Þetta stefnumót handverksfólks og hönnuða við áhugafólk um hönnun og handverk er að mati þeirra sem taka þátt mjög mikilvægt. Þessi fullyrðing er byggð á viðhorfakönnun sem HANDVERK OG HÖNNUN hefur gert á hverju ári í kjölfar kynninganna. Í árslok 2011 kom til umræðu í samtali við Inga Thor Jónsson viðburðastjóra Ráðhússins sú hugmynd að hafa tvær sýningar árið 2012. Þessi hugmynd féll vel að stöðu okkar þar sem fjármunir til nýrra verkefna er ekki til og þessi viðburður þjónar mörgum og vekur mikla athygli. Það var því ákveðið að hafa tvær sýningar á árinu 2012.

Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 3. - 7. maí 2012.

Kynningarferlið var aðeins styttra en venja er og fór kynning í gang um miðjan febrúar. Umsóknir voru töluvert færri en oft áður en eftir starf valnefndar voru 44 þátttakendur valdir til þátttöku. Kynningin í Ráðhúsinu tókst ágætlega og allir fengu gott pláss og uppsetning var mjög auðveld. Aðsóknin var minni en á haustsýningunum og umfjöllun fjölmiðla um sýninguna var mjög lítil. En í viðhorfakönnun kom fram mikil ánægja þátttakenda með kynninguna. 84% töldu að mjög vel eða vel hafi tekist til. Einnig höfðu 84% áhuga á að sækja aftur um þátttöku og 16% voru óvissir. (sjá könnun sem fylgiskjal). Þetta er mjög afdráttarlaus niðurstaða og í kjölfar þessa var ákveðið í samráði við Inga Thor að skipuleggja tvær sýningar næstu tvö ár það er 2013 og 2014.

Frá sýningunni í Ráðhúsinu í maí 2012

Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur, 1. - 5. nóvember 2012

Umsóknir um haustkynninguna voru fjölmargar að venju. Þó var ákveðið í kjölfar sýningarinnar í vor að fækka sýnendum svolítið. Það voru 63 þátttakendur haustið 2011 og 44 vorið 2012. Það var ákveðið að leggja upp með 57 þátttakendur haustið 2012. Það var sá fjöldi sem við töldum að húsið myndi þola. Sýningin tókst mjög vel, aðsóknin mjög góð og umfjöllun fjölmiðla mikil. Viðhorfakönnun var gerð hjá sýnendum og var mikil ánægja með sýninguna. (sjá könnun sem fylgiskjal)

Frá sýningunni í Ráðhúsinu í nóvember 2012

... Skúlaverðlaunin 2012

Verðlaun fyrir besta nýja hlutinn

Eins og undanfarin ár var til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í sýningunni. Þeir sem valdir voru til þátttöku í sýningunni í Ráðhúsinu gátu tilkynnt til HANDVERKS OG HÖNNUNAR nýja vöru í verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn. Hlutirnir máttu hvorki hafa verið sýnis né sölu opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsinu. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem er frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík. Fagleg valnefnd sem Dóra Hansen innanhúsarkitekt og Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður skipuðu valdi sigurvegara. Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og framkvæmdastjóri samtakanna Orri Hauksson afhenti þau.

María Manda Skúlaverðlaunahafi 2012

Skúlaverðlaunin 2012 hlaut María Manda fyrir standandi pakkakort. Kortin eru hönnuð útfrá jólakorti 2011 og eru hluti af jólakortalínu sem samanstendur af fjórum tegundum jólakorta og fjórum tegundum pakkakorta.

... Jólasýning 2012

Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR „Allir fá þá eitthvað fallegt..." var haldin á hverju ári frá 1999-2010. Vegna skorts á fjármagni hefur ekki haldin jólasýning síðan. Það var síðan ljóst um mitt ár 2012 að ekkert svigrúm var til verkefnis af þessu tagi.

... Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíðan: **www.handverkoghonnun.is** er í stöðugri þróun. Á heimasíðunni eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Virk vefmæling hefur verið gerð á síðunni í nokkur ár og umferð á síðuna er mikil. Rúmlega ellefuhundruð eru skráðir á póstlista heimasíðunnar og fá fréttir 4-6 sinnum í mánuði. Reynt er að kynna alla viðburði sem tengjast þessu sviði í fréttabréfunum, s.s. sýningar, fyrirlestra, námskeið og ýmislegt annað.

Verkefni og viðburðir á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR og eru kynntir sérstaklega á heimasíðunni á myndrænan hátt. Í gagnabanka eru kynntir einstaklingar sem stunda handverk,

listiðnað og hönnun. Listamaður mánaðarins er kynntur sérstaklega á forsíðu. Allir sem valdir hafa verið á sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn, aðrir verða sækja um það sérstaklega og valnefnd metur þær umsóknir.

HANDVERK OG HÖNNUN safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðunni eru umfangsmiklar upplýsingar um styrki, skóla, nám og ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, hérlendis og erlendis. Heimasíðan er á íslensku og ensku og er starfseminni mjög mikilvæg.

...Ýmis samvinnuverkefni og fræðsla

Eftirspurn um alls kyns ráðgjöf er töluverð hjá HANDVERKI OG HÖNNUN. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. HANDVERK OG HÖNNUN á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Eftirfarandi eru dæmi um verkefni sem voru haldnir á árinu 2011.

- Menningarráð Suðurnesja - Menning á Suðurnesjum – samvinna við Björk Guðjónsdóttur menningarfulltrúa.
- Fyrirlestur 5. mars í Skúlagarði Kelduhverfi – í samvinnu við Þingeyskt og þjóðlegt. Hugtök í handverki og hönnun - Hvað er góður minjagripur? - Gæðamat, verðlagning og staðsetning á markaði.
- Hendur í Höfn – Handverkshópur í Þorlákshöfn – aðstoð við þróun á minjagrip.
- Myndlistarskólinn í Reykjavík – starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR kynnt fyrir nemendum á textílsviði – Hildur Bjarnadóttir
- Fyrirlestur á málþingi um menningararfinn hjá Hönnunarmiðstöð 18. október.

...Erlent samstarf

Vegna þröngrar fjárhagsstöðu undanfarin ár hefur ekki verið möguleiki á að taka þátt í erlendu samstarfi nema með símtölum og tölvusambandi. Fulltrúi frá HANDVERKI OG HÖNNUN hefur ekki tekið þátt í fundarhöldum með forstöðumönnum sambærilegra stofnana hinum norðurlöndunum. Ekki var heldur mögulegt að heimsækja sýningar sem er mjög mikilvægt að sækja til þess að fylgjast með hvað er að gerast best í heimi handverks og listiðnaðar.

...Sýningar erlendis

European Glass Context 2012 er glerlistarsýning, ráðstefna, námskeið (masterclass) og nemenda vinnustofa (student workshop) sem haldinn var á Bornholm 2012.
Þetta er í fjórða sinn sem stór alþjóðleg sýning er sett upp á Bornholm. Það var leirlistasýning 2006 og 2010, glerlistasýning 2008 og 2012. Verkefnið er mjög umfangsmikið og er styrkt af mörgum dönskum sjóðum. Framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Sunneva Hafsteinsdóttir hefur verið útnefnd sem "National commissioner" Íslands af sýningarhöldurum í Danmörku í verkefnið frá 2006.

Sýningarnar á Bornholm voru í raun tvær metnaðarfullar sýningar, annars vegar sýning listamanna sem hafa skapað sér nafn og hins vegar sýning ungra og upprennandi listamanna sem eru yngri en 35 ára. Þátttökulöndin eru 30, 27 sem eru í Evrópusambandinu og Ísland, Sviss og Noregur. Fulltrúi hvers lands (national commissioner) tilnefnir þá listamenn sem þykja framúrskarandi á hverjum tíma.
Árið 2012 voru eftirfarandi listamenn tilnefndir: Sigrún Ólöf Einarsdóttir & Ólöf Einarsdóttir (samvinnuverkefni) og Brynhildur Þorgeirsdóttir.

Sérstök valnefnd í Danmörku fer yfir tilnefningarnar og velur að minnsta kosti einn listamann og í mesta lagi tvo frá hverju landi. Bæði Sigrúnu & Ólöfu og Brynhildi var boðið að taka þátt. Það er mjög ánægjulegt að fá það staðfest að þó Íslendingar eigi ekki marga listamenn á þessu sviði þá eru nokkrir framúrskarandi og standast fyllilega alþjóðlegan samanburð.
Saga glerlistar á Íslandi er ekki löng og mikilvægt fyrir íslenska listamenn á þessu sviði að hafa tækifæri til að taka þátt í erlendu samstarfi. Fagfélög glerlistamanna í allri Evrópu hafa notað tækifærið og haldið fund í tengslum við þennan viðburð á Bornholm.
Vegleg sýningarskrá var gefin út í tengslum við sýninguna þar sem allir þátttakendur eru kynntir vandlega, hver listamaður fær heila opnu til kynningar. Þessi sýningarskrá fær mikla dreifingu. Þátttaka íslendinga í þessum fjórum sýningum er mjög mikilvæg og ekki síst vegna þessarar útgáfu sem er varanleg heimild um stöðu leir- og glerlistar í Evrópu í upphafi 21. aldar. Eins og áður segir hefur HH verið tengiliður á Íslandi vegna þessara sýninga frá 2006. Í byrjun hafði HH burði til að mæta kostnaði sem fylgdi þessari þátttöku en frá 2010 höfum við fengið styrk frá menntamálaráðuneyti til að standa straum af útgjöldum vegna þessa viðburðar.

...Ferða– og verkefnasjóður

HANDVERK OG HÖNNUN hefur styrkt starfandi handverks- og listiðnaðarfólk til að afla sér þekkingar í greininni, hérlendis eða erlendis. Hugmyndin er að koma til móts við einstaklinga vegna náms og/eða ferðakostnaðar. Styrkjum hefur ekki verið úthlutað frá árinu 2009 vegna slæmrar fjárhagstöðu.

...Helstu áætluðu verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2013:

- Fréttabréf – 5-7 fréttabréf á mánuði til rúmlega 1100 aðila.
- Ráðgjöf og fyrirlestrar – sérstakt átak úti á landi.
- Þjónusta við gerð kynningaefnis.
- Sýningar á skörinni, áætlaðar eru 6-8 sýningar 2013.
- Þemasýning og/eða Jólasýning HANDVERKS OG HÖNNUNAR.
- Sýning í Kringlunni – samvinna við markaðsdeild Kringlunnar.
- Fræðsla: Vinnsla horna og beina - kennsluefni útbúið fyrir vefsíðu.
- Ráðhúsið 2013 - sýning/kynning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 16.-20. maí 2013, um 50 sýnendur.
- Ráðhúsið 2013 – sýning/kynning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur, 7.-11. nóvember 2013, um 50 sýnendur.
- Við Myndlistaskólann í Reykjavík eru nú starfræktar 3 námsbrautir á diplómastigi í samvinnu við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. MÓTUN - leir og tengd efni - TEIKNING - TEXTÍLL. Sérstök kynning verður á þessum námsbrautum á sýningunni í Ráðhúsinu í maí.
- Erlend markaðssetning á sýningunum í Ráðhúsi Reykjavíkur. Unnið verður sérstakt kynningarefni á ensku og norsku til að koma sýningunum framfæri á netinu. Stofnuð verður sérstök heimasíða um sýninguna.

- Spírur 2013 - Sérstakur styrkur fékkst frá Reykjavíkurborg til að bjóða ungum /upprennandi handverks- og listiðnaðarmönnum tækifæri á að kynna sig á sýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur endurgjaldslaust.

- Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR var opnuð árið 2000 og endurskoðuð frá grunni 2009. Síðan verður endurskoðuð /endurbætt 2013.

- Möguleg verkefni - Hugmyndir á frumstigi
  1. Þátttaka Íslendinga í sýningu/kynningu í Kaupmannhöfn í samvinnu við danska listiðnaðarmenn, við Frúarkirkjuna í Kaupmannahöfn í ágúst 2013
  2. Prosjekt SIC – norsk gestasýning
  3. Skoðað verður hvort mögulegt verði að kynna handverk og listiðnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hugsanlega á flugstöðvum á Akureyri og Egilsstöðum.

...Lokaorð

Ánægjuleg þáttaskil urðu í rekstri sjálfeignarstofnunarinnar í lok árs 2011 þegar skrifað var undir samning til þriggja ára við mennta– og menningarmálaráðuneytið, en með honum var fjárframlag til starfseminnar tryggt næstu þrjú árin. Þetta var mjög mikilvægur áfangi, þar sem HANDVERK OG HÖNNUN sjálfseignarstofnun hafði árlega þurft að búa við algert óöryggi varðandi fjárframlög. Því miður var framlagið árið 2012 mjög lágt og kallaði á sársaukafullar ráðstafanir eins kom fram framar hér í skýrslunni. Enn önnur þáttaskil urðu í árslok 2012 þegar Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði viðauka við samninginn sem gerður hafði verið við HANDVERK OG HÖNNUN í lok árs 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitti sjálfseignarstofnuninni HANDVERK OG HÖNNUN viðbótarfjárframlag á árinu 2013 sem nemur 15 mkr. (fimmtán milljónum króna) til að stuðla að eflingu íslensks handverks og listiðnaðar og standa að kynningu á þeim. Þessi viðbótarfjárveiting gerbreytir öllu starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Stjórn og starfsmenn eru mjög þakklátir fyrir þann mikilvæga skilning sem menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin ár.

Reykjavík, 26. mars 2013

Sunneva Hafsteinsdóttir
framkvæmdastjóri
HANDVERKS OG HÖNNUNAR